

seinna fórum við burtu — marga daga í köldum, þröngum vagni, um stóra, stóra skóga, og þá varð okkur svo ódæma kalt og svo urðum við að svelta. Svo tók pabbi mig á handlegg sinn, og Jadwiga grét og hrópaði: 'Guð hjálpi okkur, við erum í dauðanum!' Og svo héldum við áfram í gegn um snjóinn og stormurinn lamdi á okkur. Eg vildi svo hjartans-feginn hafa verið eins og fyr í vagninum, en pabbi hrópaði til Onufry: 'Farðu hvert sem þú vilt. Leiddu þá á villustigu, svo lengi sem hestarnir halda það út.' Og svo lamdi Onufry á vesalings hestana og fór burtu frá okkur.'

"Og svo?"

"Pabbi stökk áfram eins hart eins og hann gat, og eg grét af því að eg var svo svangur."

"Og hvert hljóp hann pabbi þinn þá?"

Aftur hristi drengurinn litla höfuðið. "Eg veit það ekki, eg svaf þangað til við komum hingað."

"Og hvað heitir hann pabbi þinn?"

"Mamma kallaði hann Jan, eða sinn hjartans vin."

"Er Jadwiga móðir þín?"

Drengurinn hló við.

"Jadwiga? Hún hefir bara verið hjá honum litla bróður mínum, síðan hún mamma mín dó. Jadwiga hefir bara mátt kyssa á höndina pabba, en hún hefir hvergi nærri verið í eins fallegum fötum og hún mamma. Ja, ef þú hefir bara fengið að sjá hana mömmu, hún leit út öldungis eins og drotningarnar í myndabókunum mínum — og allir kölluðu hana "lifdar" náð, og alt af voru fjórir vítir hestar fyrir vagninum hennar—".

Dynar greifi hafði beygt höfuðið á bringu sína og fór að hugsa um eitt og annað, sem staðið hafði í seinustu blöðunum og af orðum barnsins fann